

Alþingi
Erindi nr. P 140/209
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2011

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál.

Hjúkrunarráð Landspítala þakkar beiðni um umsögn á frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

11. gr. Fjöldi læknanema fær grunnmenntun sína erlendis, þar sem skipulag læknanáms er annað en hér á landi. Tímabundið starfsleyfi kann að nýtast þessum hópi og þá væri skýrara að rita „að hafa lokið $\frac{2}{3}$ hlutum fullgilds náms í læknisfræði“ í stað þess að „hafa lokið fjórða árs námi í læknisfræði“ eins og nú er verið að leggja til.

Hjúkrunarráð vill **ítreka** mikilvægi þess að eftirfarandi setningu verði bætt við 13. gr.:
Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, hjúkrunarheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Rökstuðningur: Tilhneiging er til þess hér á landi að ráða fólk sem ekki hefur hjúkrunarleyfi í störf hjúkrunarfræðinga. Margar erlendar rannsóknir sýna að vel menntaðir hjúkrunarfræðingar hafi veruleg áhrif á afdrif og öryggi sjúklinga. Það er mat hjúkrunarráðs að mikilvægt sé að lögin útiloki að aðrir en hjúkrunarfræðingar séu ráðnir til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa.

Með kveðju,



Eygló Ingadóttir
Formaður hjúkrunarráðs Landspítala